

# Skattframtal rekstraraðila **RSK 1.04**

## Skil á árinu 2000

Á árinu 2000 er lögaðilum skylt að skila skattframtali sínu á forminu **RSK 1.04**. Aðrir rekstraraðilar en lögaðilar geta valið um að skila skattframtali sínu vegna atvinnurekstrar eins og undanfarin ár eða skilað því á forminu **RSK 1.04**.

### Skattframtali rekstraraðila **RSK 1.04** má skila:

- Á eyðublaði **RSK 1.04**.
- Á disklingi ásamt undirritaðri forsiðu eyðublaðsins (fylla þarf út nafn, kennitölu og upplýsingar um álagningargrunn gjalda og staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum).
- Á tölvutæku formi yfir gagnanet.

**Leiðbeiningar um útfyllingu og skil rekstrarframtalsins eru ekki sendar með framtalinu, en fást afhentar hjá skattstjórum. Þær er einnig að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra, [rsk.is](#).**

## Framtalsforrit **RSK 1.04**

Ríkisskattstjóri hefur látið gera tölvuforrit til að auðvelda framteljendum útfyllingu framtalsins. Notkun forritsins við framtalsgerðina tryggir að samtölur í framtalinu verða réttar. Einnig er í forritinu innbyggð villuprófun sem kannar innbyrðis samræmi í útfylltu framtali. Forrit þetta er jafnframt notað til að skila skattframtali rekstraraðila á tölvutæku formi til skattyfirvalda. **Eindregið er mælt með því að framtalsforritið sé notað við útfyllingu og skil á skattframtali rekstraraðila **RSK 1.04**.**

Framtalsforritið er afhent endurgjaldslaust. Það má annað hvort fá afhent á disklingi hjá skattstjórum eða sækja á heimasíðu ríkisskattstjóra, [rsk.is](#).

Leiðbeiningar um véltæk skil og uppsetningu framtalsforritsins fylgja með forritinu á disklingi. Þær er einnig að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra, [rsk.is](#).

## Skil yfir gagnanet og dulritun

Skila má **RSK 1.04** með tölvupósti eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi og textaskrá búin til. Áður en skráin (framtalið) er flutt í tölvupóstforritið þarf að dulrita hana, skv. nánari leiðbeiningum þar um.

Gera þarf sérstakan samning við skattyfirvöld, sem kemur í stað hefðbundinnar undirskriftar. Eftir að sendingin hefur verið dulrituð og þar með jafnframt undirrituð, þá verður efni hennar ekki breytt og einungis skattyfirvöld geta lesið hana. Allir þeir, sem vilja skila **RSK 1.04** með tölvupósti yfir gagnanet, þurfa að sækja um það til ríkisskattstjóra og fá þá úthlutað sérstökum dulritunarkli.

## Skattskil með **RSK 1.04**

Með skilum á **RSK 1.04** skal í öllum tilvikum, eftir því sem við á, fylgja:

- Ársreikningur.
- **RSK 4.01** Fyrningarskýrsla, eða sambærilegt form.
- **RSK 4.03** Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- **RSK 4.09** Greinargerð um fólksbifreiðar.

Lögaðilar í búrekstri þurfa ennfremur að skila útfylltri 1. síðu landbúnaðarskýrslu **RSK 4.07** (bústofnshluta) ásamt **RSK 1.04**.

Eyðublöðunum **RSK 10.26** og **RSK 10.27** ber eftir atvikum að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði **RSK 10.25** vegna hvers virðisaukaskattsnúmers, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer.

Við framtalsskil er þess vænst að:

- Framtalsgögn séu hvorki heft né límd saman.
- Notuð séu árituð eyðublöð gjaldanda, eins og frekast er kostur, sé skilað á pappir.

## Framhaldseyðublað **RSK 4.14**

Ef ekki eru nógu margir dálkar eða línur á **RSK 1.04** til að sundurliða fjölpættan atvinnurekstur, upplýsingar um samrekstraraðila, kaup og sölu eigna eða aukafyrningar, skal nota framhaldsblað **RSK 4.14**. Merkja skal í þar til gerða reiti á **RSK 1.04**, við hvern þann kafla á skattframtalinu sem framhaldsblaðið tengist.

Á framhaldseyðublaðinu á einnig að sundurliða þær skattalegu leiðréttingar, sem fram koma í reit 4400 á 3. síðu **RSK 1.04**. **Ef reitur 4400 á **RSK 1.04** er útfylltur skal undantekningalaust skila framhaldseyðublaði **RSK 4.14**.**

Öll framhaldsblöð verða að vera merkt með kennitölu.

**Sé framtali skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framhaldsblaði **RSK 4.14**, því reitir framhaldsblaðsins eru innbyggðir í framtalsforritið.**

## Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu á **RSK 1.04**

- Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.
- Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990.
- Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsiðu framtalsins.